Hríseyjarskóli Smábær
Sími 466-1782

**Maí 2022 Þema; Sveitin og vorverkin**
**Námsáætlun**

| 2. maí - 6. maí 2022 | **Viðfangsefni** | **Markmið** | **Framkvæmd** | **Tilvísun í Aðalnámsskrá** |
|---|---|---|---|---|
| | **02.05** Kynning og umræður um þema mánaðarins, Vorið. | Að börnin læri að hafa skoðun og að sú skoðun skiptir máli og að á þau sé hlustað. | Sýna börnunum skipulag mánaðarins og ræða það. Spyrja hvað þeim finnst og af hverju þeim finnst það. | Kafli 9.1 Læsi og samskipti bls 42 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **03.05**. Fara út af leikskólalóðinni og leika á skólalóðinni í útiveru dagsins. | Að börnin læri á sitt nánasta umhverfi og fái tilbreytingu. | Færa okkur yfir á skólalóðina og nota leiktækin sem eru þar og njóta tilbreytingarinnar. | Kafli 8 Námsumhverfi bls 39 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **04.05.** Íþróttahús. Við hvað vinna þeir sem búa í sveit? Umræður og skoðanaskipti. | Fá hreyfingu við hæfi. Fræða börnin um sveitina og þá vinnu sem þar er unnin. Fá börnin til að tjá sig og segja frá. | Þrautabraut. Við ræðum sveitina, notum myndir til stuðnings. Börnin segja frá, sum þeirra hafa komið í sveit, önnur þekkja til í sveit. | Kafli 9.2 Heilbrigði og vellíðan bls 43 og 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **05.05.** Búa til mynd úr því sem við finnum úti, greinar, laufblöð, steinar ofl. | Skoða okkar nánasta umhverfi og koma auga á það sem við getum nýtt í myndina okkar. Lítum okkur nær. | Labba um okkar nánasta umhverfi og athuga hvort við finnum efnivið í myndina okkar. | Kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 http://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **06.05.** Lambaferð. Heimsækjum Daladýrð og skoðum sveitina. | Sjá sveitina og dýrin sem þar eru. Fræðast og njóta. | Njóta fræðslu sem boðið er upp á af hendi starfsfólks/ábúenda.. | Kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |

Hríseyjarskóli Smábær
Sími 466-1782

**Maí 2022 Þema; Sveitin og vorverkin**
**Námsáætlun**

| | **Viðfangsefni** | **Markmið** | **Framkvæmd** | **Tilvísun í Aðalnámsskrá** |
|---|---|---|---|---|
| 9. maí - 13.maí 2022 | **09.05.** Taka til á lóðinni okkar og í Nornaskógi, hrífur, sópar og skóflur. | Að börnin aðstoði við að nærumhverfi þeirra sé mikils virði og það sé hirt og gengið vel um það. Að tiltekt sé hluti af námi þeirra og umgengni. | Börnin fá að velja sér verkfæri, sóp, skóflu eða hrífu og vinna hvert með sínu lagi að því að gera umhverfið snyrtilegt. | Kafli 8 Námsumhverfi bls 39 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **10.05.** Hvar er Holland? | Fræðast um land og þjóð. Við erum með hollenska gesti í skólanum og gaman að sjá hvaðan þeir koma. | Skoðum á korti hvar Holland er ásamt því að leita á netinu eftir ýmsum staðreyndum um landið. | Kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **11.05.** Mæla út hlaupabraut, hlaupa og taka tíma. | Að átta sig á vegalengd annars vegar og hins vegar á þeim tíma sem tekur að fara vegalengdina. | Mæla út hlaupabraut. Skipta í tveggja manna lið, annar hleypur og inn hinn tekur tímann síðan er skipt. Starfsmaður sér um skráningar. | Kafli 9.2 Heilbrigði og vellíðan og kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **12.05.** Teiknum íslensku húsdýrin. | Læra um dýrin og sveitina. Rifja upp hvað við sáum í lambaferð. | Teikna mynd í A3, má vera hvaða dýr sem er. Umræður um dýrin í sveitinni meðan á vinnu stendur. | Kafli 9.4 Sköpun og menning bls 45 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **13.05.** Frjáls leikur inn og úti | Að börnin skapi sjálf sinn leik og læri að leika sér með öðrum börnum. | Börnin velja sér leik og leika sér saman með það sem varð fyrir valinu. | Kafli 7 Leikur og nám bls 37 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |

Hríseyjarskóli Smábær
Sími 466-1782

**Maí 2022 Þema; Sveitin og vorverkin**
**Námsáætlun**

| | **Markmið** | **Framkvæmd** | **Tilvísun í Aðalnámsskrá** |
|---|---|---|---|
| 16. maí - 20. maí 2022 | **16.05.** Að börnin læri að njóta slökunar. | Liggja á dýnu með kodda og teppi, hlusta á náttúruna og sögur frá Hugarfrelsi. | Kafli 9.2 Heilbrigði og vellíðan bls 43 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **17.05.** Efla hreyfifærni, læra hvernig hugurinn getur hjálpað okkur í líkamlegri vinnu. Læra að tjá sig. | Gera æfingar og einbeita okkur, finna hvernig hugurinn hjálpar okkur. Standa upp og segja frá því hvað lætur okkur líða vel. | Kafli 9.2 heilbrigði og vellíðan bls 43 og Kafli 6 Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi bls 35 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **18.05.** Vekja börnin til umhugsunar um það að okkar hegðun hefur áhrif á aðra. Brjóta upp og breyta til með því að borða ávexti úti. | Umræður í samveru, leiðbeina og sýna. Biðja þau að brosa til fólks og sjá hvort þau fái ekki bros á móti. | Kafli 6 Lýðræði og jafnrétti í leikskólastarfi bls 35 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **19.05.** Átta okkur á því að það sem við hlúum vel að í náttúrunni mun frekar bera ávöxt. | Ganga upp að plöntunum og skoða þær, færa grasið frá ef að þarf. Skoða Reyniviðinn okkar og dást að honum, söngur. | Kafli 7 Leikur og nám bls 37<br>Kafli 9.3 Sjálfbærni og nýting náttúrunnar bls 44 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **20.05.** Að börnin skapi sjálf sinn leik og læri að leika sér með öðrum börnum. Vinna að sameiginlegu markmiði, fá uppskeru. | Börnin velja sér leik og leika sér saman með það sem varð fyrir valinu. Hver og einn fær sitt útsæði og setur niður með aðstoð ef þurfa þykir. | Kafli 7 Leikur og nám bls 37 og Kafli 9.3 Sjálfbærni og nýting náttúrunnar bls 44 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |

Hríseyjarskóli Smábær
Sími 466-1782

**Maí 2022 Þema; Sveitin og vorverkin**
**Námsáætlun**

| | Viðfangsefni | Markmið | Framkvæmd | Tilvísun í Aðalnámsskrá |
|---|---|---|---|---|
| 23. maí - 27. maí 2022 | **23.05.** Við förum með trönurnar okkar út og málum mynd af sveit. | Túlka sveitina eftir sínu höfði og hafa frjálsar hendur við sköpunina. | Mála mynd á stórt blað sem fest er á trönur. Börnin velja sér liti og mála sína túlkun á sveit. | Kafli 9.4 Sköpun og menning https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **24.05.** Rauður dagur í dag | Læra litina og hve gaman það er að brjóta upp hversdaginn. | Koma í rauðum fötum, með rautt í hárinu eða hvaðeina sem börnum/foreldrum dettur í hug. Syngja, allt sem er rautt rautt, rauður litur aðeins meira í dag en aðra daga. | Kafli 9.4. Sköpun og mennig https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **25.05.** Göngutúr, fjöruferð með nesti. Fundur um málefni okkar á deildinni. Allir segja það sem við getum gert betur og hvað við erum ánægð með. | Að börnin fái holla hreyfingu og passlega krefjandi.<br>Læra á náttúruna og læra að njóta hennar um leið. Efla félagsfærni barnanna, kenna þeim að standa með sínum skoðunum og þora að segja þær. | Fara í fjöruna hjá Sæborg, til vara í Hvammsfjöru. Tökum með okkur ávextina. Leikum og njótum.<br>Sitja saman við borð, kosinn fundarstjóri og hann stjórnar því í hvaða röð er talað. | Kafli 9.2 Heilbrigði og vellíðan bls 43 og Kafli 9.1 Læsi og samskipti https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **26.05.** Uppstigningardagur - lokað | | | |
| | **27.05.** Frjáls leikur inni og úti | Að börnin skapi sjálf sinn leik og læri að leika sér með öðrum börnum. | Börnin velja sér leik og leika sér saman með það sem varð fyrir valinu. | Kafli 7 Leikur og nám bls 37 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |

Hríseyjarskóli Smábær
Sími 466-1782

**Maí 2022 Þema; Sveitin og vorverkin**
**Námsáætlun**

| 30. maí - 31. maí 2022 | **Viðfangsefni** | **Markmið** | **Framkvæmd** | **Tilvísun í Aðalnámsskrá** |
|---|---|---|---|---|
| | **30.05.** Setja niður matjurtir. | Læra að sá og uppskera í sinni víðustu mynd. Læra að hlúa að og sjá árangur þess. | Setja niður forræktaðar plöntur/fræ. Leggja alúð í verkið og vanda sig. | Kafli 9.3 Sjálfbærni og vísindi bls 44 https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/forsidumyndir/lokadrog-leiksk_vefur.pdf |
| | **31.05.** Leikir með bolta í útiveru. Það má koma með sinn bolta í leikskólann. | Læra að sparka, grípa, kasta, fínhreyfingar. Læra að deila og skiptast á með sín leikföng og annarra. Tillitssemi. | Leikum okkur með boltana, hver og einn á sinn máta. Lærum nýtt af hinum krökkunum, skiptumst á og deilum. | Kafli 9.2. Heilbrigði og vellíðan bls 43 |